

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Snæfellsbæ.

1. gr.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar er heimilt að leggja á sérstakt árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) og gámagjald, sem innheimta skal með fasteignagjöldum.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A)	Íbúðir í þéttbýli þar sem sorphreinsun fer fram:	kr.
1.	Sorphreinsigjald	5.500
2.	Sorpeyðingargjald	2.500
B)	Íbúðir í dreifbýli þar sem sorphreinsun fer ekki fram:	
1.	Sorpeyðingargjald	2.500
2.	Gámagjald	2.500
C)	Sumarbústaðir þar sem sorphirða fer ekki fram:	
1.	Sorpeyðingargjald	1.500
2.	Gámagjald	2.500
D)	Fyrirtæki:	
1. flokkur	sorphreinsigjald	5.500
	sorpeyðingargjald	2.500
2. flokkur	sorpeyðingargjald	15.000
3. flokkur	sorpeyðingargjald	30.000
4. flokkur	sorpeyðingargjald	60.000
5. flokkur	sorpeyðingargjald	120.000

Bæjarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir magni úrgangs.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Snæfellsbæjar er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit ásamt síðari breytingum til að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.